

Íslenskir munir frá Nordiska museet í Stokkhólmi afhentir Þjóðminjasafni Íslands

Ríkisstjórnin samþykkti þann 24. apríl sl. þá tillögu menntamálaráðherra að veita Þjóðminjasafni Íslands 1,5 milljón króna styrk af ráðstöfunarfé sínu til að standa straum af kostnaði safnsins við móttöku á íslenskum munum sem Nordiska museet í Stokkhólmi hyggst afhenda Þjóðminjasafni til varðveislu. Á seinni hluta 19. aldar eignaðist Nordiska museet í Stokkhólmi undir forystu Arthur Hazelius (1833-1901), talsverðan fjölda merkra muna frá Íslandi. Var það í samræmi við tilurð safnsins og tilgang sem í upphafi var að varpa ljósi á norræna menningu. Samkvæmt þeirri stefnu var safnað til Nordiska museet minjum sem einkennandi þóttu fyrir alþýðumeningu á norðurslóðum. Þjóðminjavörður hefur á undanförmum árum átt í viðræðum við forstöðumann Nordiska museet í Stokkhólmi um framtíðarvarðveislu íslenskra gripa sem eru eign Nordiska museet. Niðurstaða þeirra umræðna var sú að stjórn safnsins hefur ákveðið að afhenda Þjóðminjasafni Íslands 95% af þeim íslensku gripum sem eru í safninu til varðveislu og umsjár. Hinn 17. apríl sl. undirrituðu forsvarsmenn Nordiska museet og þjóðminjavörður samkomulag um afhendingu minjanna. Samkomulagið kveður m.a. á um að þeir verði afhentir Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu um aldur og ævi. Stefnt er að því að gripirnir verði sendir hingað til lands í nóvember 2007. Samtals eru nærri 800 íslenskir gripir í Nordiska museet og eru flestir þeirra

útskornir gripir úr tré, svo sem kistlar, rúmfjalir og trafakefli. Meðal íslenskra gripa í Nordiska museet eru margir gripir sem tengjast íslenska hestinum, söðlar, söðuláklæði og ýmsir gripir úr kopar. Jafnframt er þar mjög mikið af búningum og búningaskarti. Þá má geta þess að þarna eru prentaðar bækur og handrit. Matthías Þórðarson fyrrum þjóðminjavörður skráði alla gripina í Stokkhólmi árið 1922 og búum við enn að hans samantekt. Langflestir íslensku gripirnir eru frá 18. og 19. öld. Upphaflega komu þeir frá bæjum víða um land en margir eru af Vesturlandi en séra Helgi Sigurðsson prestur á Melum í Melasveit safnaði mörgum þeirra og seldi til Svíþjóðar. Þess má geta að Þjóðminjasafni Íslands var stofnað árið 1863 en séra Helgi gaf þá Íslandi 15 gripir með ósk um að þeir yrðu „fyrsti vísirinn til safns íslenskra fornmenja“ en fram að því höfðu íslenskir gripir einkum verið sendir til varðveislu í dönskum söfnum. „Munirnir eru mikill fengur fyrir íslenska þjóðminjavörslu og rannsóknir á íslenskum menningararfri enda hafa þeir lítt verið rannsakaðir, ef frá eru taldar athaganir og skráning Matthíasar Þórðarsonar fyrrverandi þjóðminjavarðar. An efa mun afhending þessara muna leiða til nýrrar þekkingar á íslenskum menningararfri,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.



Nýr framhaldsskóli í Borgarbyggð fær starfsleyfi

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur veitt nýjum framhaldsskóla í Borgarbyggð viðurkenningu til starfa. Skólinn heitir Menntaskóli Borgarfjarðar og mun hefja kennslu í nýju húsnæði í upphafi haustannar 2007. Skólinn er einkaskóli sem stofnaður var að frumkvæði heimamanna og mun starfa samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti og hljóta rekstrarframlög úr ríkissjóði. Ársæll Guðmundsson er skólameistari hins nýja skóla og hefur hann unnið að undirbúningi skólustarfs í samráði við ráðuneytið frá því í fyrra. Ýmsar nýjungar eru fyrirhugaðar í skipulagi og kennsluháttum m.a. verður nám til stúdentsprófs skipulagt með þriggja ára námstíma að leiðarljósi.

Framkvæmdanefnd um menntunarmöguleika blindra og sjónskertra

Menntamálaráðherra hefur skipað framkvæmdanefnd til þess að bregðast við tillögum í skýrslu um endurskoðun á menntunarmöguleikum blindra og sjónskertra nemenda á Íslandi. Nefndin skal leggja áherslu á uppbyggingu menntakerfis fyrir sjónskerta á Íslandi með vel skilgreinda og samþætta

þjónustu að leiðarljósi og virku samstarfi viðkomandi aðila á öllum stigum. Nefndina skipa Guðni Olgeirsson, menntamálaráðuneyti, formaður, Halldór Sævar Guðbergsson og Bryndís Snæbjörnsdóttir Blindrafélaginu, Guðrún Sigurjónsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Þór Þórarinnsson, félagsamálaráðuneyti, Arthur Morthens, Reykjavíkurborg og Ragnar Þorsteinsson, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Menntamálaráðuneyti hefur ráðið Hrönn Pétursdóttur verkefnisstjóra til starfa með nefndinni. Gert er ráð fyrir að nefndin hraði störfum eins og kostur er.

Samið um notkun mynda Friðriks Þórs í skólakerfinu

Menntamálaráðuneyti hefur samið við Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmann um notkun á myndum hans í skólakerfinu. „Kvikmyndir eru notaðar í æ ríkara mæli í skólum landsins enda gegnir myndmálið mjög mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi. Ég hef lengi haft hug á því að við notum íslenskar kvikmyndir í auknum mæli sem kennsluefni. Nokkuð hefur einnig borið á gagnrýni kvikmyndagerðarmanna um að myndir þeirra séu notaðar í leyfisleysi í skólakerfinu. Friðrik Þór er sá okkar kvikmyndagerðarmanna sem á hvað viðamesta höfundaverkið, t.d. vinsælar myndir byggðar á skáldsögum s.s. Englar alheimsins, Bíódagar og Djöflaeyjan. Ég lít á þetta sem fyrsta skref og vona að í auknum mæli verði samið um notkun kvikmynda í skólakerfinu,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Við afgangi fjárlaga á síðasta ári var gert ráð fyrir framlagi vegna sýninga á kvikmyndum í skólakerfinu og jafnframt náðist samkomulag við Friðrik Þór um sýningar á myndum hans í öllum skólum landsins, frá leikskóla upp í háskóla. Samningurinn er til 15 ára og nær til ellefu helstu kvikmynda Friðriks.

Jafnframt hefur Friðrik Þór fallist á að vera sérstakur ráðgjafi íslenskra stjórnvalda í kvikmyndamálum og næstu fimm árin mun

hann bjóða fram krafta sína til kynningar og eflingar íslenskrar kvikmyndalist í grunn- og framhaldsskólum.

Áður hafa verið gerðir samningar um notkun kvikmynda í skólakerfinu. Árið 1998 var gerður samningur til fimm ára vegna tveggja kvikmynda Þorsteins Jónssonar, „Átómstöðvarinnar“ og „Punktur, Punktur, komma, strík“ og árið 1990 var gerður samningur til tólf ára vegna kvikmynda Guðnýjar Halldórsdóttur „Kristnihald undir jökli“.



Samningur um menntun tannsmiða

Samningur var nýverið undirritaður milli menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um menntun tannsmiða. Samningurinn tryggir framtíð tannsmíðanámsins hér á landi. Tannlæknadeild HÍ mun sjá um menntun tannsmiða til sveinsprófs og fer kennslan fram í húsnæði deildarinnar. Námsstjórn, sem menntamálaráðherra skipar, mun ákveða kennsluhætti og námskröfur. Í námsstjórn verður m.a. fulltrúi frá Tannsmíðafélagi Íslands. Með samningnum er tryggt faglegt samhengi í menntun heilbrigðisstétta á sviði tannverndar. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, undirritaði samninginn ásamt Kristínu Ingólfsdóttur, rektor HÍ og Ingu B. Árnadóttur, forseta tannlæknadeildar.

